

Matstæki um þróun skólastarfs

Í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám,
lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og
lærdómssamfélag

Lýsing á tæki (til hvers er það?)

Tilgangur með tækinu er tvíþættur: Í fyrsta lagi geta kennarar og stjórnendur nota það til að auðvelda og styrkja faglega umræðu um skólastefnu og/eða mat á skólastarfi. Í öðru lagi má nota það sem greiningartæki við athuganir í tengslum við umbætur í skólastarfi. Faglegur bakgrunnur tækisins hvílir á hugtökum um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislega kennsluhætti eða nemendamiðað skólastarf og skólann sem námssamfélag.

Tækið byggir á sex meginþáttum: Skipulag og stjórnun; Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun; Námsumhverfi; Nemendur; Kennarar og Foreldrar og grenndarsamfélag. Hver þáttur geymir nokkra undirþætti. Þróun hvers undirþáttar er lýst á fimmskiptum kvarða þróunarstiga. Fyrsta stigið endurspeglar starfshætti íslenskra skóla á 20. öld. Fimmta stigið endurspeglar framtíðarsýn um skólastarf með vísan til hugmynda sem varða einstaklingsmiðað nám og samvinnunám, nám í anda lýðræðis og skólann sem námssamfélag.



Leiðbeiningar með tæki (beiting)

Tækið er sveigjanlegt, þar sem notendur geta beint athygli að einum eða fleirum meginþáttum og jafnvel stökum undirþáttum. Það gilda engar reglur um notkunina. Að því leyti er tækið notendavænt. Ef horft er til fjögurra meginviðmiða eftir Woolner (2018) eru helstu kostirnir fólgnir í því að tækið gæti að því hvar fólk er, það hjálpar fólki að skilja betur hvernig ápreifanlegir, skipulagslegir og félagslegir þættir í umhverfi skóla fléttast saman og auðveldar því að kanna hugmyndir og möguleika.

Að nota tækið í tengslum við rými skóla

Þriðja meginþáttinn um námsumhverfið má nota til að efla og auðvelda samtali og samvinnu um rými skóla. Fimm undirþættir fjalla um Skipulag skólabygginga; Vinnuumhverfi nemenda; Námsgögn og sýnileiki verkefna nemenda; Skólasöfn og Tæknibúnaður. Notendur við hvern skóla gætu auðveldlega lagað tækið að aðstæðum, sleppt sumum undirþáttum og bætt við nýjum.

Umræða mætti leiða með þremur lykilsurningum þegar hópurinn fer yfir hvern undirþátt:

- Á hvaða stig námsumhverfis myndum við setja starfshætti í skóla okkar eða deild og hvers vegna?
- Líkar okkur hvar við erum stödd eða viljum við þróa starf okkar í átt að fimmta stigi?
 - Ef ekki – Hvers vegna?
 - Ef svo – Hvað þarf að gera?
- Á hvaða hátt, ef einhvern, hafði notkun á tækinu áhrif á hugmyndir okkar um ápreifanlegt námsumhverfi?



Leiðbeiningar með tæki (greining)

Góð leið þegar kemur að greiningu væri að velja eða afmarka áhugaverða þætti til þróunar. Þetta væru þættir þar sem hópurinn hefur merkt starfshætti á lágu stigi og telur að þá megi þróa í átt að hærri stigum. Þetta gæti orðið grunnur að áætlun um þróunarstarf.

Frekari bjargir

Tækið var lagt fram í þessari mynd árið 2018 af Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs leiddri af Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Það byggir að verulegu leyti á eldri útgáfu frá 2005, útgáfu sem nú hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af niðurstöðum í víðtækri rannsókn á kennslu og námi í íslenskum grunnskólum (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). (2014). Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Sótt af https://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/throunksolastarfs/starfshaettir_heild_m_kapu_02102015_lr.pdf

Woolner, P. (2018) Collaborative Re-design: Working with School Communities to Understand and Improve their Learning Environments. In: R. A. Ellis and P. Goodyear (eds.), Spaces of teaching and learning: Integrating perspectives on research and practice. Singapore: Springer.

Frekari upplýsingar:

Anna Kristín Sigurðardóttir (aks@hi.is) eða Torfi Hjartarson (torfi@hi.is)



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF EDUCATION